

Gefðu 10 Ekki bíða, byrjaðu strax

Fríða Bjarney Jónsdóttir

Deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála hjá SFS

frida.b.Jonsdottir@Reykjavik.is



Fjöltýngd börn á Íslandi

- Fjöldýngd börn á leikskólaaldri í Reykjavík 25% allra barna á grunnskólaaldri um 20%
- Þróunin í heiminum sú sama

Strax á leikskólaaldri alast sífellt fleiri börn upp við að heyra fleiri en eitt tungumál í daglegu lífi. Fræðimenn hafa bent á mikilvægi þess að allt frá fyrsta degi í leikskólanum sé hugað að þessum fjölbreytta tungumálabakgrunni barnanna, hann viðurkenndur og virtur ella sé hætt á að börn upplifi sig útundan og jaðarsett (Fríða B. Jónsdóttir, 2019. [Skólaþræðir – Fjöltýngi og leikskólastarf](#)).




Íslenskar rannsóknir

Rannsóknir á málþroska barna sem tala íslensku sem annað mál sýna litlar framfarir í íslensku allt upp í efri bekki grunnskóla, jafnvel þó að börnin séu fædd á Íslandi (Elín Þöll Þórðardóttir, 2017; Sigríður Ólafsdóttir, 2015)

Niðurstöður *Milli mála* (Elín Þöll Þórðardóttir) sýna að stór hluti barna í 1-10 bekk þarf aukinn stuðning í íslensku, 44% barna eru fædd á Íslandi

Pólskur og íslenskur orðaforði tvítyngdra leikskólabarna Málumhverfi heima og í leikskóla.

- Meginniðurstöður voru þær að pólskur orðaforði flestra barnanna var innan viðmiðunarmarka fyrir eintyngd pólsk börn. Íslenskur orðaforði þeirra var hins vegar mun slakari en orðaforði eintyngdra íslenskra barna á sama aldri. Þörf fyrir stuðning við leikskólakennara (Aneta Figlarska ofl. ,2017. http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf)



Hlutfall grunnskólanemenda í 1-10 bekk sem þurfa stuðning samkvæmt Milli mála 2019

Menntun fyrir alla – félagslegt réttlæti og jöfnuður

Margar rannsóknir sýna fram á að börn sem eiga annað móðurmál eru jaðarsett í barnahópnum (Þórdís Þórðardóttir, 2012; Brooker, 2002; Roberts, 2014; Cummins, 2004)

Börn velja að leika sér ein og þurfa meiri sérkennslu!!! (Úttekt á sérkennslu í leikskólum borgarinnar, Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2011).

Vanda Sigurgeirsdóttir (2018) Við verðum að kenna börnum samskipti, taka á útilokun strax á leikskólaaldrinum

[Verkefnið „Allir vinir“ stuðningur við að kanna félagatengsl](#)

[Skólatengsl í Hólabrekkuskóla – verndandi þættir tengsla barna við fullorðna](#)

Málleg samskipti starfsmanna við börn með íslensku 2 og börn með íslensku að móðurmáli

[Sigríður Ólafsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir Netla 2022](#)


Niðurstöður sýndu að hvert ísl2 barn fékk helmingi færri orð á mínútu, helmingi færri segðir, og jafnframt mun algengari orð en ísl1 börnin. Auk þess fengu ísl2 börnin engar opnar spurningar eða orðainnlagnir, sem aðeins mátti finna í samtölum við ísl1 börnin. Mikilvægt er að leikskólastarfsfólk rýni í samskipti sín við ísl2 börn, hvort þar felist tækifæri til framfara, þannig að börnin taki reglulegum framförum í íslensku

Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar

Vísbendingar um hvers konar árangri er hægt að ná þegar stjórnendur, kennarar, foreldrar og nemendur vinna saman að þróun farsæls fjölmenningslegs skólastarfs

[Hanna Ragnarsdóttir, sérrit Netlu 2016.](#)

Rannsóknir á íslensku sem öðru máli



Elín Þöll Þórðardóttir –
Ættu öll börn á Íslandi að kunna íslensku? Hvað þarf til?
erindi flutt hjá Menntamálastofnun í janúar 2019.

- Lausnin blasir við:

- Þarf 50% vökutímans í íslensku, skóladagurinn er of stuttur - þarf að auka snertingu við íslensku

Koma í veg fyrir kvíða og óvissu með því að hjálpa börnum að skilja skóladaginn, skilja hvað er um að vera

streyma dregur úr hæfileikanum til að læra nýja færni

- Íslenskan er ekki flókin – þurfum að breyta því viðhorfi

Halda flóknu tungumáli að börnum og styðja þau við að skilja það

ekki einfalda of mikið þá læra börnin ekki tungumálið

Styðja foreldra við að tala móðurmálið

- **Tala meira við börn í öllu skóla- og frístundastarfi**

Þögla tímabilið????



Oft skapast aðstæður „þagnar eða þöguls tímabils“ þar sem lítið er talað við börnin og beðið eftir því að þau fari að tala. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á málþroska og félagsþroska barnanna. Hlýleg samskipti og háar væntingar til barnsins gefa því til kynna að það sé velkomið.

Speglum okkur hvert í öðru

Hvað geri ég þegar ég á í samskiptum við börn sem eru byrjendur í íslensku?

Hvað geri ég þegar ég upplifi að barn skilur ekki það sem sagt er á íslensku?

Hvað geri ég þegar ég upplifi að börn séu ekki þátttakendur með öðrum börnum?



Gefðu 10 og skapaðu um leið námstækifæri sem styður við íslenskunámið

„**Gefðu 10**“ er einföld aðferð ætluð til þess að auka samtal og samskipti fullorðinna við fjöltyngd börn með því að nota að lágmarki tíu mínútur á dag samanlagt (10x1 mínúta, 5x 2 mínútur).

Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið skapar hinn fullorðni námstækifæri og rými til virkrar þátttöku út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni.

„**Gefðu 10**“ kemur ekki í stað vel undirbúinnar málörvunar, lestrarstunda eða vinnu með orðaforða en þar er að finna gullnámu í verkfærum [„Frístundalæsis“](#) fyrir frístundastarfið.

Þegar allt starfsfólk „**gefur 10**“ daglega fær barnið sem er að læra íslensku sem annað mál frekari jákvæð, málörvandi samskipti í leik og frjálsum aðstæðum til viðbótar við annað málörvunarstarf.

Gott er að fylgjast með og skrá niður samskipti sín við barnið yfir daginn með því að hafa skráningarblað í vasanum eða uppi á vegg, notar teygjur eða aðra leið til að minna sig á. Hver mínúta skiptir máli!



Vitum við hvaða börnum við þurfum að gefa 10?

Ef við erum að byrja að „Gefa 10“en vitum ekki hvaða börn þurfa mest á því að halda getum við byrjað á að meta samskipti okkar við börnin í daglegu starfi. Hér er góð leið til þess:


Teymi starfsfólks fer yfir nöfn fjöltyngdu barnanna, hvaða tungumál þau tala og hvernig þeim gengur að eiga samskipti á íslensku sem öðru máli.

Hringurinn teiknaður upp

Hér er áherslan á samskipti sem fela í sér jákvæðar athugasemdir, hrós og hvatningu, málörvun og áhuga á því sem barnið er að gera bæði að frumkvæði barns og fullorðins. Ekki er verið að leita eftir samskiptum sem fela í sér skipanir, athugasemdir eða fyrirmæli.

Hringirnir bornir saman og ákveðið hvaða börnum þarf að „gefa 10“

Samhliða „Gefðu 10“ er fylgst með og skráð niður



Áhugi, styrkleikar, þekking og virkni



Fylgstu með barninu í leik og samskiptum og skráðu niður:

Hvað finnst barninu skemmtilegt að gera, hvar liggur áhugi þess?

Hvenær gengur barninu vel að eiga samskipti og hvaða aðferðir notar það til að eiga samskipti við jafnaldra og fullorðna?

Samskipti fullorðinna við barn sem lærir íslensku sem annað mál leggja grunn að aukinni færni í íslensku en um leið auknum félagsþroska og sjálfstrausti.

Barnið og um leið önnur börn, upplifir að það sé getumikið, áhugasamt, virkt í þátttöku og þess virði að vera hluti af barnahópnum.

Ómetanlegt tungumálanám fer fram í jafningjahópnum og þú ert fyrirmynd barnanna að ríkulegum samskiptum. Ef þú hefur frumkvæði að samskiptum við barnið er líklegra að hin börnin geri það líka. Orð þín og athafnir hjálpa til við að skapa jákvætt viðhorf til barnsins bæði hjá börnum og fullorðnum.

Hvað getur þú gert eða sagt?

Hann er að læra íslensku með okkur

(í stað þess að segja að hann tali ekki eða sé mállaus)

Við getum lært spænsku með henni

(í staðinn fyrir að segja við skiljum ekki þegar hún talar sitt tungumál eða gera lítið úr tungumáli hennar með því að viðurkenna það ekki)

Búið til jafningjapör sem vinna saman og gera eitthvað sameiginlegt

(af því að þið eruð svo hjálpsöm eruð þið þá til í að fara saman fram í eldhús og sækja ost).



Hvað getur þú gert?

Mundu að nota hvert tækifæri sem gefst til að brúa bilið á milli barnsins sem er að læra íslensku til viðbótar við önnur tungumál og hinna barnanna þannig að barnið verði sem fyrst hluti af barnahópnum

Stigvaxandi stuðningur:

Ég geri og segi (kennarinn sýnir og lýsir með orðum)

Við gerum (kennarinn framkvæmir með barninu og lýsir með orðum)

Þú gerir (barnið framkvæmir og kennarinn/barnið lýsir með orðum)



Gefðu 10 byggir á hugmyndum um stuðning við nám á svæði mögulegs þroska.

Félags- og menningarlegar kenningar um nám gera ráð fyrir því að með viðeigandi stuðningi geti börn náð bestum árangri (Gibbons, 2009).

ZPD (Zone of proximal development)
Stuðningur við nám á svæði mögulegs þroska (Vygotsky, 1979)

Of lítill eða of mikill stuðningur



Gefðu 10 – veggspjald og bæklingur

<https://reykjavik.is/allir-med/hugmyndir-og-leidir>



Gefðu 10 er einföld aðferð til að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Þegar hinn fullorðni á frumkvæði að samskiptum við barnið fær það fleiri jákvæð og málörvandi tækifæri í leik og frjálsum aðstæðum.



Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Þegar við gefum 10 er verið að leggja áherslu á að kenna þann orðaforða sem börnin eru að nota hverju sinni.

Hjartans mál



Leiðarvísir um stuðning
við móðurmál og virkt
fjöltyngi í skóla-
og frístundastarfi

*Hjartans
mál B*

Hvernig er unnið með fjölbreytt tungumál í skóla- og frístundastarfi?

Sjálfsmat kennara og starfsfólks.

Viðfangsefni:	Já	Nei	Athugasemdir
Ég þekki tungumálabakgrunn barnanna í hópnum mínum			
Ég ræði við foreldra fjöltyngra barna um mikilvægi móðurmálsins			
Ég ræði við foreldra fjöltyngra barna um mikilvægi íslensku sem annars máls			
Ég ræði við foreldra fjöltyngra barna um mikilvægi samstarfs á milli min og þeirra			
Það er tungumálastefna í skólanum/frístundaheimilinu hjá okkur			
Ég vinn með börnunum í hópnum að því að vekja athygli á fjölbreyttum tungumálum			
Ég vek athygli á fjölbreyttum tungumálum barnanna í hópnum á einfaldan hátt t.d. með því að skrifa velkomin og góðan dag			
Ég gef börnum í mínum hóp tækifæri til að ræða saman um námið á móðurmáli ef það styður þau í að ná betri skilningi á viðfangsefninu			
Ég skipulegg einföld verkefni með börnum í hópnum þar sem verið er að fjalla um og velta fyrir sér fjölbreyttum tungumálum			
Ég skipulegg flóknari verkefni með börnunum í hópnum þar sem verið er að fjalla um og velta fyrir sér fjölbreyttum tungumálum			
Ég fæ upplýsingar um það hvort börnin í hópnum stundi nám í eigin móðurmáli og leita leiða til að þau fái það metið sem hluta af námi			

Tungumálastefna í skóla- og frístundastarfi

- Miðja máls og læsis veitir ráðgjöf og fræðslu um mótun tungumálastefnu <https://mml.reykjavik.is/2022/01/11/vinna-med-malstefnu/>

Hvað geri ég þegar mig vantar orð?



Hvers konar viðbrögð fá
mig til að hugsa:
-ég er velkomin/n
-það er gert ráð fyrir mér

HJÁ OKKUR NJÓTA TUNGUMÁL VIRÐINGAR OG ERU:

- | | |
|-----------------|---------------------|
| •Velkomin | •Lesin |
| •Kennd og numin | •Sungin |
| •Borin saman | •Rannsökuð |
| •Rædd | •Ekki bönnuð |
| •Viðurkennd | •Ekki aðhlátursefni |
| •Uppgötvuð | |

